

Nd.

48. Frumvarp til laga

[45. mál]

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla, sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla og fullgilt nám í þeirri grein.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár áður en lög þessi öðlast gildi, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt lögum þessum skal leita álits Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og annarra aðila, sem ráðherra ákveður hverju sinni.

3. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

4. gr.

Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Félags viðskipta- og hagfræðinga um lögverndun starfsheitanna viðskiptafræðingur og hagfræðingur. Frumvarp þetta var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Gerð hefur verið sú breyting á frumvarpinu að nú nægir að leita álits Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum, en samkvæmt fyrri gerð þess þurfti meðmæli félagsins og viðurkenningu þess á þeim skóla sem leyfisbeiðandi hafði stundað nám við. Viðskiptafræðingur hefur fengið nokkuð fasta merkingu í málinu. Starfsheitið er í hugum manna tengt viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeirri menntun sem þar er veitt. Aukinn fjöldi manna leitar til skóla erlendis um menntun í viðskiptafræði og hagfræði. Þar sem skólar eru mismunandi og námstími breytilegur er eðlilegt að gerðar séu ákveðnar lágmarkskröfur til þeirra, sem nota starfsheiti sem hefur unnið sér ákveðinn sess í málinu.

Engin sérréttindi um ákveðin störf felast í lögverndun starfsheitanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er viðskiptafræðingum, sem lokið hafa prófi í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeim viðskiptafræðingum og hagfræðingum sem hlótið hafa viðurkenningu ráðherra, veittur einkaréttur á að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ekki er talin þörf á að veita viðskiptafræðingum frá Háskóla Íslands sérstaka viðurkenningu og telst prófskirteini um fullnaðarpróf í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands jafngilt viðurkenningu ráðherra.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um kröfur sem fullnægja þarf til þess að veita megi umsækjanda leyfi til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Rétt þykir að gefa mönnum, sem notað hafa starfsheitið viðskiptafræðingur eða hagfræðingur sex ár eða lengur, kost á að fá viðurkenningu á því enda þótt þeir fullnægi ekki þeim prófskilyrðum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Rétt þykir að veita ráðherra vald til að skera úr ágreiningi sem rísa kann vegna notkunar þessara starfsheita.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.